

Leikskólinn Marbakki



**Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2023 – 2024**

Efnisyfirlit

1. Formáli	3
2. Inngangur	3
3. Leiðarljós leikskólans	3
4. Mat á skólastarfi	3
Innra mat leikskólans.....	3
Ytra mat	4
Umbótaáætlun.....	4
Matsáætlun vegna skólaársins 2023 – 2024	4
5. Áherslur í starfi leikskólans	6
6. Foreldrasamstarf.....	6
Foreldraráð	6
Foreldrafélag.....	6
7. Starfsmannamál	6
8. Símenntunaráætlun	7
Skipulagsdagar og aðrir lokunardagar	7
9. Aðrar upplýsingar.....	7
Fjöldi barna	7
Húsnæði og lóð	8
Ósk um viðhald skólaárið 2023 – 2024	8
Öryggismál	8
10. Fylgigögn.....	8
Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun	9
Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun	11
Fylgiskjal 3 – Leikskóladaatal	13
Fylgiskjal 4 – Umsögn foreldraráðs.....	14

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Skólaárið 2022-2023

Vel gekk að fylgja eftir starfsáætlun leikskólans og jákvæður andi var í starfseminni. Það tókst reyndar ekki að fullmanna Marbakka fyrr en í janúar 2023 en þá urðu nemendur fyrst 99 eins og gert hafði verið ráð fyrir. Það kom fyrir að skerða þurfti viðveru barnanna á skólaárinu vegna óvenju mikilla forfalla starfsmanna sökum veikinda og spurning hvort afleiðingar Covid hafi í vetur enn haft áhrif á heilsu starfsmanna. Margt annað gekk vel upp og þróunarverkefnið „Faglegt lærdómssamfélag með áherslu á teymisvinnu“ styrkti og studdi við samvinnu stjórnenda og traust innan hópsins.

3. Leiðarljós leikskólans

Einkunnarorð Marbakka eru sjálfstæð, glöð og skapandi börn. Leikskólinn Marbakki starfar eftir starfsaðferðum Reggio Emilia þar sem horft er á hið hæfileikaríka barn þar sem virkni og áhugahvöt hvers og eins sé drifkrafturinn í námi þess. Mikilvægir hornsteinar í starfsaðferðunum eru lýðræði og sköpun.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Matsáætlun fyrir skólaárið var fylgt eftir og gagnaöflun höfð fjölbreytt. Gagna var aflað hjá börnum, foreldrum og starfsfólki leikskólans og má þar nefna viðhorfskönnun meðal allra starfsmanna, markvissar umræðum starfsfólks um starfið, endurmatssamtal við foreldraráð Marbakka, foreldraviðtöl, starfsmannasamtöl og viðhorfskönnun meðal barna á elsta ári leikskólans. Allt eru þetta dæmi um gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Starfið var einnig metið jöfnum höndum á starfsmannafundum, deildafundum, deildastjórafundum og á fundum lausnateymis leikskólans. Sjálfsmat Marbakka er umbótamiðað og niðurstöður þess settar fram opinberlega á heimasíðu leikskólans í sjálfsmatsskýrslu.

Innra mat 202-2021 (hvað var metið? Stutt samantekt fyrir leikskólann í heild sinni)

Matsþættir	2022-2023
Stjórnun	
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x
Faglegt samstarf	
Leikskólaþróun og símenntun	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x
Uppeldis- og menntastarf	
Skipulag náms og námsaðstæður	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x
Námssvið leikskólans	x
Leikskóli margbreytileikans	
Mat á námi og velferð barna	x
Leikskólabragur	
Viðmót og menning	x
Velferð og líðan barna	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x
Viðhorf foreldra	x

Ytra mat

Viðhorfskönnun meðal foreldra var gerð af ytri aðilum sem nýttist til innra mats en að öðru leiti byggðist sjálfsmatið á fjölbreyttri gagnaöflun innan leikskólans.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, uppeldisfræðilegar skráningar, sjálfsmat deilda og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Sjá sjálfsmatskýrslu í fylgisskjali 1.

Matsáætlun vegna skólaársins 2023 – 2024

- Uppeldisfræðilegar skráningar gerðar jafnt og þétt yfir skólaárið 2023-2024.
- Starfið metið jöfnum höndum yfir skólaárið á deildarstjóra-, deilda-, lausnateymis- og starfsmannafundum.
- Starfsmannasamtöl febrúar/mars 2024
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna verður gerð í mars 2024 (af Skólapúlsinum)
- Umbótaáætlun yfirfarin af stjórnendum í júní 2024
- Viðhorfskönnun elstu barnanna verður gerð í maí 2024
- Endurmatsfundur með foreldraráði leikskólans verður í maí 2024.
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna í maí 2024, spurt verður meðal annars um: Samvinnu og traust milli starfsmanna, matstofuna, vinnustyttinguna, fagumræður og samverustundir.

Matsþættir	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur		x		x
Faglegt samstarf	x	x	x	
Leikskólaþróun og símenntun		x		x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka		x		x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x		x	
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x		x	
Gagnaöflun og vinnubrögð	x		x	
Opinber birting og umræður	x		x	

5. Áherslur í starfi leikskólans

Á skólaárinu verður lögð áhersla á að byggja upp lærdómssamfélag í Marbakka og auka faglegt samtal, allt í þágu menntunar og umönnunar barnanna. Í upphafi skólaársins veður lög áhersla á hópefli til að leggja grunn að því að mynda traust og samvinnu milli starfsmanna. Í endurmati síðasta skólaárs er kallað á fleiri og meiri faglegar umræður og ætlunin er að með auknu trausti og eflingu lærdómssamfélagsins verði til grunnur fyrir faglegar umræður sem leiða til áframhaldandi þróunar í skólastarfinu. Fagfundir verða settir formlega á laggirnar og stjórnendur stuðli að því að allir starfsmenn fái tækifæri til þátttöku í fagumræðunni.

6. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða.

7. Starfsmannamál

Í Marbakka er gert ráð fyrir, um það bil, 17 stöðugildum á deildum á komandi skólaári, 1 stöðugildi leikskólastjóra, 0,4 stöðugildi í stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 0,5 stöðugildi sérkennslustjóra og 2 stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðinn fjöldi stöðugilda til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna. Gert er ráð fyrir um það bil 27 stöðugildum í leikskólanum.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og þrjár deildarstjórar af 5 eru með leyfisbréf kennara. Tveir deildastjórnanna eru búnir með B.Ed. í leikskólakennarafræðum og komnir áleiðis að M.Ed. gráðu. Þar til viðbótar eru þrjár með leyfisbréf leikskólakennara tveir starfandi á deild og einn í stuðningskennslu.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Á síðasta skólaári var mönnun mjög álíka og áætlanir eru um fyrir komandi skólaár en fjöldi stöðugilda breytist á skólaárinu ef breyting verður í aldursamsetningu barna, menntun starfsmanna og stuðnings þörf barna.

8. Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun byggir á þeirri fræðsluþörf sem kemur fram við endurmat liðins skólaárs og áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, til að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni þess. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar og aðrir lokunardagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórdá hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins. Sótt var um sjötta skipulagsdaginn 28. september.

Fimmtudagurinn og föstudagurinn. 28. og 29. sept. (Náms- og kynnisferð til Manchester)

Miðvikudagurinn 15.nóvember

Þriðjudagurinn 2.janúar

Miðvikudagurinn 12.mars

Föstudagurinn 10. maí

Vetrarfrí í leikskólanum eru:

26. og 27. október 2023

19. og 20. febrúar 2024

Jólafrí:

27. 28. og 29. desember 2023

Páskafrí:

25. 26. 27. mars 2024

9. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

Gert er ráð fyrir að börnin verði 99 skólaárið 2023 til 2024 og nánast búið að fylla í þau pláss þegar þessi starfsáætlun er gerð.

Fjöldi barna í árgangi er eftirfarandi: 19 börn fædd 2018, 30 börn fædd 2019, 26 2020 börn, 24 börn fædd 2021.

Af 99 nemendum eru 22 börn tvítyngd/þrítyngd.

2 börn eru með 9 klukku tíma vistun.

20 börn eru með 8,5 til 8,75 klukku tíma vistun.

35 börn eru með 8 til 8,25 klukku tíma vistun.

24 börn eru með 6,5 til 7,75 klukku tíma vistun.

18 börn með 6 klukku tíma vistun.

Það eru 2 börn samtals með 8 tíma í úthlutaðan stuðning í 1 og 2 flokki.

Húsnæði og lóð

Skipt var um flesta glugga á gömlu byggingunni en öðru viðhaldi á húsnæði var frestað. Fyrirhuguð færsla á salerni á deildinni Ós varð ekki að veruleika og engin málningarvinna átti sér stað innan húss. Grindverkið í kringum leikskólann var málað með hvíttri olíumálningu sem má teljast með mislukkaðri aðgerðum. Hvít málning lá í blautum pollum á grindverkinu og þurfti að ráðast í aðgerðir til að koma í veg fyrir allsherjar tjón á fötum starfsmanna og barna.

Ósk um viðhald skólaárið 2023 – 2024

Óskað verður eftir málun á tveimur deildum og flutningi á salerni á deildinni Ósi, færa það milli herbergja að fyrirmynd frá leikskólanum Efstahjalla í Kópavogi en eldri hlutar húsnæðis Marbakka og Efstahjalla eru samskonar byggingar. Þetta eru samskonar óskir og á síðast ári þar sem ekki tókst að fara í þessar breytingar. Í staðinn var skipt um mjög marga glugga á gömlu byggingunni og gera þurfti við klæðningu í kringum gluggana í kjölfarið. Óskað verður eftir að rafmagnsstokkur verði færður í sérkennsluherbergi og það málað.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

10. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun

- Styðja við foreldraráð leikskólans.

Leiðir: Funda með foreldraráðinu á haustönn 2023 til að ræða þeirra óskir um aðkomu og hlutverk við leikskólastarfið.

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Tímarammi: Haustönn 2023

Mat: Metið þegar farið er yfir umbótalistann vor 2024.

- Virkja workplace enn frekar meðal starfsmanna og leggja áherslu á allir starfsmenn séu virkir.

Leiðir: Stjórnendur sjá til þess að allt nýtt starfsfólk komist sem fyrst í workplace hópinn. Fylgst verður með því hverjir sjá færslur sem settar eru þar inn og starfsfólk hvatt til að setja inn innlegg eða athugasemdir.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímarammi: Allt skólaárið.

Mat: Spurt í viðhorskönnun að vori meðal starfsmanna hvernig þeir nýta workplace.

- Auka faglegar umræður í Marbakka.

Leiðir: Fjölga fagfundum í Marbakka. Koma á laggirnar faghópsumræðum með þátttöku allra starfsmanna sem starfa á deildum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tímarammi: Október 2023

Mat: Metið í viðhorfskönnun meðal starfsmanna og þegar farið er yfir umbótalistann vor 2023.

- Leggja áherslu á að miðla til foreldra innihaldi skólanámskrárinnar

Leiðir: Kynna starfsaðferðir Marbakka í fréttapóstunum sem deildir senda til foreldra. Vera með fræðslu um starfsaðferðir Marbakka á foreldrafundi í október.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri.

Tímarammi: Allt skólaárið í fréttapóstum og á foreldrafundi í október.

Mat: Skoða fréttapóstana og hvort fræðslan fór fram á foreldrafundi.

- Eiga meira samtal við foreldra á aðlögunartímanum til að mynda tengsl.

Leiðir: Starfsfólk á deild barnsins gefur sig að foreldrum á aðlögunartímanum, segir frá hver vinnutíminn þeirra er hversu lengi þeir hafa unnið á deildinni. Leikskólastjóri fer inn á deildina á aðlögunartímanum og kynnir sig fyrir foreldrum.

Ábyrgð: Deildarstjórar og leikskólastjóri.

Tímarammi: Þegar aðlögun er í gangi

Mat: Í foreldrakönnun í mars 2025 verður spurt um þetta.

- Styrkja allt starfsfólk til að halda utan um samverustundir og eftir 6 mánuði í starfi sé fólk almennt farið að treysta sér til þess.

Leiðir: Á meðan fólk er að æfa sig geti það verið með fámenna hópa í samverustund. Deildarstjórar leggja sig fram um að gefa starfsfólki tækifæri til að hafa samverustundir, leiðbeini þeim og gefi þeim tíma til að undirbúa sig.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri.

Mat: Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna að vori 2024.

Tímarammi: Allt skólaárið.

- Hlú að lýðræðislegum stjórnunarháttum og samvinnu.

Leið: Stuðningur og fræðsla við að efla lærdómssamfélag og teymisvinnu innan leikskólans sem byggir ofan á þróunarverkefnið sem var í gangi í fyrra. Stjórnendateymið fundar einu sinni

á önn til að efla traust innan hópsins og halda áfram að þróa samstarfið. Fræðsla til allra starfsmanna um teymisvinnu og lærdómssamfélag til að styrkja teymisvinnu á deildum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímarammi: Allt skólaárið.

Mat: Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna að vori 2024.

- Fara inn í starfsárið 2023 – 2024 með öflugum hópefli til að byggja upp traust og samvinnu í starfsmannahópnum.

Leiðir: Á starfsmannafundi í september 2023 verður námskeið með áherslu á samvinnu og hópefli. Fá utanaðkomandi aðila til að sjá um námskeiðið.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Tímarammi: September 2023.

Mat: Spurt um samstarf og samvinnu í viðhorfskönnun starfsmanna vor 2023

- Auka faglegt samtal í Marbakka og koma á reglulegum fagfundum.

Leiðir: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri leggja fram tillögur að fagfundarskipulagi sem borin er undir deildastjórafund. Í samvinnu stjórnendateymisins verður mótuð leið.

Ábyrgð: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri.

Tímarammi: Fagfundarform komið um miðjan október og byrjað að keyra eftir því.

Mat: Árangur mældur í talningu á fagfundum og spurt um gagnsemi í viðhorfskönnun starfsmanna vor 2023.

- Halda áfram að þróa matstofuna með það að markmiði að öllum geti liði vel í henni.

Leiðir: Minnka ráp í salnum þegar matartímar eru, passa það sé nóg leirtau á vögnum sem fara inn á yngri deildir, Starfsfólk takmarki sína umferð í gegnum salinn og viðbótarmatur sé á skenknum uppi í sal. Fræðsla til nýrra starfsmanna um matstofuna og verklagið þar.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímarammi: Október.

Mat: Spurt í viðhorfskönnun meðal starfsmanna og barna vor 2023

- Halda áfram deildarfundum sérkennara og festa enn frekar í sessi.

Leiðir: Tímasetja fundina og þeir sem á fundina eiga að mæta fylgi skipulaginu eftir.

Ábyrgð: Sérkennslustjóri.

Tímarammi: Komið í skipulag 1. október 2023.

Mat: Sérkennslustjóri metur árangur að vori 2024.

- Setja reglulega samráðsfundi sérkennslustjóra með deildarstjórum með það að markmiði að bregðast fljótt við ef grunur er um frávik af einhverju tagi og hefja samstarf við foreldra. Hugmyndin er að þetta samráð eigi sér stað á fimm vikna fresti.

Leiðir: Skipuleggja fundina, tímasetja þá og ákveða röð deildanna. Þeir sem á fundina eiga að mæta fylgi skipulaginu eftir.

Ábyrgð: Sérkennslustjóri.

Tímarammi: Komið í skipulag 1. október 2023

Mat: Sérkennslustjóri metur árangur að vori 2024

Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun

Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	Aðra hvora viku	Unnið í vinnutíma	Stjórnendur
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl		Vor 2024	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskóla stjóri
Allir starfsmenn	Hópefli/teymisvinna	Hópeflisleikur sem ýtir undir teymisvinnu. Unnið að lausn þrauta og samvinna er lykilatriði.	15. september	2 ½ klukkutími	Unnið í eftirvinnu	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur Náms- og kynnisferð til Manchester	Keypt fræðsla um umhverfi leikskólabarna. Keypt fræðsla um heilaproska leikskólabarna Leikskólaheimsókn	28. og 29. september.	12 klukkutíma dagskrá. Námskeið og leikskólaheim sókn	Endurmenntu nar sjóðir starfsmanna	Aðstoðar leikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	Október og nóvember	2x 40 mín í hvert skipti Samtals 80 mín	Unnið á vinnutíma	Aðstoðarleikskóla stjóri
Allt starfsfólk	Skipulagsdagur	Fræðsla um teymisvinnu Utanaðkomandi.	17. nóvember	1 kl. tími	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Skipulagsdagur	Upprifjun/fræðsla á starf í anda Reggio Emilia. Jafningjafraðsla	17. nóv	1 kl. tími	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Skipulagsdagur	Umræða um mataruppeldi/	17. nóv	1 kl. tími		Leikskólastjóri

Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	2 tímar í senn = 4 tímar. Helmingur á skipulagsdegi og hinn í ev.	Að hluta tekið af yfirvinnukvóta og að hluta í dagvinnu	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	4 tímar alls. 2 skipulagsdegi og 2 í ev.	Að hluta tekið í yfirvinnu og að hluta í dagvinnu	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Uppeldisfræðilegar skráningar. Jafningjafr.	2. janúar	2 tímar	Unnið í dagvinnu	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Uppeldisfræðilegar skráningar. Jafningjafr.	12. mars	2. tímar	Unnið í dagvinnu	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Fagfundir	Þátttaka allra starfsmanna í umræðum um fagleg mál	Allt skólaárið	5 til 6 x á skólaárinu	Unnið í dagvinnu	Leikskólastjóri
Stjórnendateymið	Handleiðslufundir	Handleiðsluhópar	2x á önn	1-2 tímar í senn	Unnið í dagvinnu	Leikskólastjóri
Stjórnendateymið	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis og endurmat.	1x í viku	45 mín. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Eldvarnarfræðsla	10.maí	2 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri

Fylgiskjal 4 – Umsögn foreldraráðs

Kópavogur, 10. september 2023

Við fulltrúar í foreldraráði Marbakka staðfestum með undirskrift okkar hér fyrir neðan að við höfum tekið til umfjöllunar starfsáætlun Marbakka fyrir skólaárið 2023-2024.

Foreldraráðið gerir ekki athugasemd við starfsáætlunina.


María Ósk Sverrisdóttir


Soffía Tínnu Hjörvarsdóttir

Anna Sigríður Jónsdóttir sagði sig úr foreldraráði vegna óviðráðanlegra ástæðna nú í lok september. Því eru það bara tveir fulltrúar sem staðfesta að þeir hafi tekið starfsáætlunina til umfjöllunar. Kosning stendur yfir um nýja fulltrúa og verða þeir kjörnir í þriðju viku október næstkomandi.